



Kópavogi, 7. desember 2022

2208241/510.03 BSE

Leikskóli við Skólatröð. Upphaf deiliskipulagsvinnu.

Samráðsfundur, 7. desember 2022, kl. 17:00-17:30, Digranesvegi 1.

Tílefni fundar: Samráðsfundur við upphaf deiliskipulagsvinnu m.a. með vísan til umsagna og ábendinga sem bárust í tengslum við kynningu á deiliskipulagslýsingu verkefnisins.

Fundinn sátu:

Vignir Ragnarsson Álfhólsvegi 8A
Björn H. Skúlason Álfhólsvegi 6A
Sigrún Guðjónsdóttir Álfhólsvegi 6A
Hlynur Bjarki Sigurðsson Álfhólsvegi 6
Katrín Hermannsdóttir Álfhólsvegi 6
Eiríkur Jónsson Álfhólsvegi 10a
Ingimar Waage Álfhólsvegi 8
Hjördís Ýr Johnsen formaður skipulagsráðs
Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs
Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi
Bergljót Sigríður Einarsdóttir skipulagsdeild
Stefán L. Stefánsson deildarstjóri framkvæmdadeildar
Guðrún Ragna Yngvadóttir ASK arkitektar

Minnisatriði:

Auður setti fundinn og gerði grein fyrir verkefninu, áföngum og tímaáætlun.

Skipulagslýsing var auglýst í haust. Umsagnir og athugasemdir bárust við skipulagslýsingu.

Kynningarfundur/opið hús var 19. október sl. og þá kynntar hugmyndir að mögulegri byggingu fyrir fjögurra deilda leikskóla að hluta til á tveimur hæðum. Athugasemdir við þá tillögu komu fram á fundinum.

Nú er verið að kynna hugmynd að 3ja deilda á leikskóla á 1 hæð.

Syndar voru fyrri hugmyndir um fjögurra deilda leikskóla og nýjar hugmyndir, málamiðlun, að þriggja deilda leikskóla á einni hæð – þar sem komið er til móts við sjónarmið í athugasemdum íbúa. Einnig var skuggavarþ sýnt og eldri bygging sem var á lóðinni áður o.fl. Fram koma að gert er ráð fyrir hæðarmun á lóð í skuggavarpinu.

Fram kom í umræðum að gert er ráð fyrir möguleika á að fjögurra deilda leikskóla í Lundi.

Lögð hefur verið áhersla á m.a. að minnka múr/hæð að lóðarmörkum til norðurs. Verið er að skoða mismunandi þakform, þakhæð, fyrirkomulag loftræsingar o.fl.

Spurt var um tímaramma. Skipulagsráð, bæjarráð/bæjarstjórn þarf að samþykkja að auglýsa tillögu að deiliskipulagi – kynningar- og athugasemdartími er 6 vikur frá því auglýsing er birt – allir geta þá sent inn athugasemdir.



Gert er ráð fyrir kvöð um aðkomu að lóðum við Álfhólsveg (eins og rætt hefur verið áður).

Þakkað var fyrir að tekið hafi verið vel í athugasemdir íbúa - þakklæti fyrir að taka þátt í mótun hverfisins.

Í prinsíppinu mjög jákvæðar tillögur/breytingar/úrvinnsla.

Tekið var undir þakkir fyrir að hlustað hafi verið á íbúa.

Íbúar óskuðu eftir að fá að skoða gögnin sem kynnt voru á fundinum. Gögnin verða send í tölvupósti til fulltrúa húsfélagsins.

Stefnt er að því að leggja tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagsráð fyrir jól, 19. des. nk. – afgangið tillöguna til auglýsingar – bæjarráð/bæjarstjórn – í framhaldi auglýst formlega.

BSE